

Nd.

183. Frumvarp til laga

[128. mál]

um þátttöku Íslands í Hinni alþjóðlegu framfarastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili að Hinni alþjóðlegu framfarastofnun (International Development Association).

2. gr.

Til þess að standast straum af framlögum Íslands til stofnunarinnar heimilast ríkisstjórninni að taka lán í Seðlabankanum, sem jafngildi 100.000 Bandaríkjadollurum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1944 var eins og kunnugt er stofnaður alþjóðabanki (International Bank for Reconstruction and Development), er skyldi hafa það hlutverk með höndum að veita lán til endurbyggingar eftir styrjöldina og til að örva efnahagsþróun aðildarríkjanna, einkum þeirra, er skemmra voru á veg komin í efnahagsþróun sinni. Hóf bankinn starfsemi sína árið 1946 og hefur haft aðsetur í Washington. Starfsemi bankans hefur verið mikil og farið vaxandi. Hefur hann veitt lán, einkum til rafveitna, samgangna, áveitna og þungaiðnaðar víða um heim. Enda þótt mikill og góður árangur hafi orðið af starfsemi bankans, hafa löngum verið uppi skoðanir um það, að starfsemin væri ekki nógu viðtæk og gæti ekki komið þeim löndum að fullum notum, sem erfiðasta fjárhagsaðstöðu hafa og skemmst eru á veg komin í efnahagsþróun. Lán bankans hafa yfirleitt verið takmörkuð við greiðslu erlends kostnaðar við framkvæmdirnar, og hafa framkvæmdirnar og löndin orðið að uppfylla ýms önnur þýsna ströng skilyrði. Lánskjör bankans hafa ávallt verið svipuð því, sem gilt hefur á almennum lánamarkaði í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu, enda hefur bankinn orðið að sækja á þann markað meginhluta þess fjár, sem hann lánar út.

Tillögur hafa verið uppi um það, að setja á stofn nýja lánsstofnun við hliðina á Alþjóðabankanum, sem veitti lán með rýmri og hagstæðari kjörum en bankinn gerir. Mundu þessi lán fyrst og fremst verða veitt til þeirra aðildarríkja, sem skammt eru á veg komin í efnahagsþróun. Yrðu þá lán veitt jafnt til greiðslu innlends kostnaðar sem erlends, vextir yrðu lægri og lánstími lengri en tíðkæzt hefur hjá Alþjóðabankanum, og endurgreiðslu mætti jafnvel heimila í gjaldmiðli lántakanda. Á aðalfundi Alþjóðabankans fyrir rúmu ári var samþykkt að fela framkvæmdastjórn hans að ganga frá frumvarpi að reglugerð nýrrar lánsstofnunar, sem á að heita Hin alþjóðlega framfarastofnun (International Development Association). Á hún að starfa við hliðina á Alþjóðabankanum og lúta sömu framkvæmdastjórn. Er öllum aðildarríkjum í bankanum, nú 68 að tölu, gefinn kostur á að ganga í hana. Stofnskrá stofnunarinnar tók gildi hinn 24. september s. l., en þá höfðu ríki, er höfðu yfir að ráða meiru en $\frac{2}{3}$ hlutfjárins, gerzt þátttakendur.

Hlutfé stofnunarinnar á að vera 1000 milljónir dollara, sem eiga að skiptast hlutfallslega á milli þáttökuríkja. Hlutur Bandaríkjanna verður \$320 milljónir og Bretlands \$131 milljón. Þáttökuríkin eiga að greiða 10% hlutfjárins á fimm árum í gulli eða dollurum, en 90% þess greiða efnameiri ríkin á fimm árum í gulli eða dollurum, en hin efnaminni í eigin gjaldeyri einnig á fimm árum. Hlutur Íslands í stofnuninni verður \$100 000.00 og greiðsluskylda í erlendum gjaldeyri því \$10 000.00, sem greiðist á fimm árum. Hinn hluti framlagsins greiðist í krónum inn á reikning stofnunarinnar í Seðlabankanum.

Gert er ráð fyrir, að stofnunin hafi sömu framkvæmdastjórn og Alþjóðabankinn og fulltrúar Íslands í yfirstjórn stofnunarinnar verði þeir sömu og í Alþjóðabankanum.

Í frumvarpinu er farið fram á heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að gerast fyrir Íslands hönd aðili að hinni nýju stofnun.